



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

55. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, þriðjudaginn 8. september 2016 kl. 8.15 f.h.

Fundinn sátu:

Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar, boðaði forföll

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Alice Petersen, fulltrúi grunnskóladeildar

Agnes Heiður Magnúsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar

Hugrún Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Kynning á vetrarstarfi í leik- og grunnskóladeild.

Skólastjóri kynnti vetrarstarfið í leik- og grunnskóladeild. Verið er að skoða hvaða námsmatskerfi á að nota innan skólans. Það koma þrjú kerfi til greina; Mentor, Námsfús og núverandi kerfi.

2. Starfsáætlun.

Farið var yfir starfsáætlun Kerhólsskóla. Skólastjórnendum falið að klára starfsáætlunina og leggja fyrir næsta fundi.

3. Stundaskrár.

Farið var yfir stundaskrár og var nefndin samhljóða um að jákvætt væri að nú væri komin hreyfing á hverjum degi inn í stundatöflu.

4. Skólasel þörf og fyrirkomulag.

Ákveðið hefur verið að gerð verði könnun í foreldrasamtölum 12. september næstkomandi um þörf og nýtingu á skólaseli. Áfram verður unnið að framtíðar skipulagi í vetur og það kynnt fyrir lok skólaárs.

5. Dagvistunarmál BSRB.

Fræðslunefnd fór yfir erindi sem barst frá BSRB um dagvistunarmál í sveitarfélaginu og formanni falið að svara erindinu.



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

6. Fundargerð mótuneytisnefndar.

Fundargerð Mótuneytisnefndar lögð fram til kynningar.

7. Skólastefna sveitarfélagsins - lokaútgáfa

Skólastefna sveitarfélagsins lögð fram og samþykkt.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:30